


Dalalæðan

2. árg. 1. tbl.

Maí 1989.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.
Ábm.: Bjarki Bjarnason. Auglýsingar: Auglýsingastofa Gógóar.

Gledilegt sumar



Stundum var í vetur leið
veðrasamt á glugga.
Var ekki eins og væri um skeið
vofa í hverjum skugga?
Fáir vissu að vorið beið
og vorið kemur að hugga.

(Halldór Laxness)

HVAÐ ER VÍGHÓLL?

Vighóll er áberandi klettaborg í sunnanverðum Mosfellsdal - örskammt frá Hlaðgerðarkoti. Þetta vita sjálfsagt margir lesendur Dalalæðunnar en Víghóll er ekki bara grjót því Víghóll er líka nafnið á samtökum Dalbúa sem stofnuð voru í Reykjadal 15. nóvember 1986. Nokkurs konar undanfari félagsins voru hin geysivinsælu þorrablót Dalbúa - en síðan félagið var stofnað hefur það staðið fyrir ýmsum samkomum, t. d. spilakvöldi, bingói, jólaballi og sumarhátið.

Félagið hefur haft afskipti af nokkrum sameiginlegum hagsmunamálum Dalbúa svo og hefur það unnið að umhverfisfegrún í Dalnum.

Allt er þetta í anda félagslaganna sem prentuð eru á öðrum stað í þessu blaði. Í lögunum kemur líka fram að "allir sem lögheimili eiga í Mosfellsdal verða sjálfkrafa félagar í Víghól." Vissir þú þetta?

Víghóll er sem sagt samtök allra Dalbúa - í félagini er ekkert félagatal og engin félagsgjöld. En félagið hefur samt formlega stjórn og heldur sína aðalfundi á hverju hausti.

Seinasti aðalfundurinn var haldinn 5. nóvember s. l. og voru þá kosin í stjórn: Guðlaug Sigurðardóttir, Bjarki Bjarnason og Guðrún Karlsdóttir. Þetta fólk hefur skipt með sér verkum á þá leið að Bjarki er formaður, Gully ritari og Gógó gjaldkeri. Þá var Ásgeir frá Viðigerði kosinn endurskoðandi félagsins á aðalfundinum.

Dalalæðan kemur nú út í annað skipti. Allt er óráðið um framtíð blaðsins en ekki spillti ef útgáfan yrði fastur liður í starfsemi Víghóls.

Bjarki Bjarnason, formaður.

NÚ ER SUMAR!

Í tvö sumur hefur Víghóll staðið fyrir sumargleði. Í bæði skiptin hafa hátiðahöldin farið fram í garðinum í Reykjavík með lúðraþyt og söng.

Á síðasta aðalfundi var kosið einvalalið til að sjá um SUMARHÁTÍÐ DALBÚA 1989. Í nefndinni eru:

- Auður á Laugabóli
- Halldór í Melkoti
- Kolbrún á Brávöllum
- Þorkell í Túnfæti.

Varamenn voru kosin Sigríður í Jónstóft og Ásgerður á Hrísbrú.

HRAÐALEIÐI

Neðst á hraðastaðatúnunum, örskammt frá landamerkjum Hraðastaða og Lundar (áður Mosfells) er merkilegur hóll. Þetta er Hraðaleiði og það er trú manna að Hraði frá Hraðastöðum hafi verið grafinn þar. Reyndar virðist þessi trú manna eingöngu byggja á þjóðsögum en sumir halda að Hraði hafi verið þræll á Hraðastöðum. Margir hafa verið þeirrar skoðunar að Hraði hafi verið landnámsmaður á Hraðastöðum. Það er hins vegar afar ósennilegt því kappinn er ekki einu sinni nefndur í Landnámu.

Lesendum til fróðleiks verður hér vitnað í gamla heimild þar sem fjallað er meðal annars um Hraðaleiði. Þar er um að ræða lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá árinu 1855 og höfundurinn er Stefán Þorvaldsson. Hann segir svo frá:

/ " ... haugur einn er hér í dalnum, á landamærum milli Hraðastaða og Mosfells, á sléttu undirlendi við Suðurá, og er haugur sá nefndur Hraðaleiði. Hann er aflangur og snýr í norður og suður og ekki allstór. Það er mælt að Hraði hafi verið þræll í fornöld, er hafi fengið frelsi, og hafi hann þá reist bæ sinn þar, er hann kallast Hraðastaðir, og sé þessi haugur yfir hann orpinn og við hann kenndur."

ÖRNEFNI

"Tímarnir tínast og örnefnin með" - sagði alkunnur fræðimaður úr alþýðustétt við undirritaðan á dögum.

Pannig er það líka með örnefni í Mosfellsdal. Með breyttum búháttum og nýjum kynslóðum gleymast örnefni og fólk kemur af fjöllum begar talað er um Diskinn eða Bárðartóft eða Brennivínslaut. Allt eru þetta samt örnefni úr Dalnum.

Til er fyrirbæri sem heitir Örnefnastofnun Íslands og hefur aðsetur í húsi Þjóðminjasafnsins. Örnefnastofnun hefur safnað örnefnum um allt land og Mosfellsdalur er þar engin undantekning. Til er allmikið af örnefnum úr Dalnum og er þeim raðað niður eftir bújörðum.

- Íbúasamtökin hafa fengið afrit af þessum skrám og hafist handa við að merkja örnefnin inn á heljarmikla loftmynd af Dalnum sem félagið festi kaup á. Bjarki merkti inn örnefni úr mosfellslandi en Þórhildur úr hraðastaðalandi. Nú er myndin geymd á Æsustöðum og hyggst Hlif Heiðarsdóttir merkja inn á myndina örnefni úr æsustaðalandi.

- Þegar upp verður staðið og búið að merkja öll kunn örnefni úr Dalnum höfum við í höndunum mynd sem verður í senn góð heimild og skemmtileg á að líta. - B.B.

MARGAR SKONDNAR SÖGUR hafa verið sagðar af Kjartani Magnússyni. Ein slik birtist í Lesbók Morgunblaðsins síðastliðinn vetur. Hún er á bessa leið:

Eitt sinn var Kjartan gestkomandi á Mosfelli og var staddur úti á hlaði. Þá bar þar annan gest að garði sem ætlaði að hitta prestinn að málí en vissi ekki nafnið á honum. Maðurinn vatt sér að Kjartani og spurði:

----- Er presturinn heima?

----- Það veit ég ekki, svaraði Kjartan, en Kristinn er heima.

----- Þá sagði maðurinn: Er presturinn Kristinn?

----- Og Kjartan á Hraðastöðum svaraði snöggur upp á lagið:

----- Eg veit það ekki góði - en Kristinn er Kristinn.

ÞJÓÐSAGA ÚR MOSFELLSDAL

Ofarlega í Mosfellsdal í Kjalarnesþingi stendur bær sá sem Laxnes heitir. Hann stendur á nyrðri bakka Köldukvíslar, en það er aðaláin í dalnum.

Neðar og allskammt frá sjó stendur bær á nyrðri bakka sömu ár sem heitir Leirvogstunga. Á báðum þessum bæjum var í fyrndinni laxveiði mikil í Köldukvísl, en nú er hún aðeins í Leirvogstungu, en alls engin í Laxnesi, og er sú orsök til þess er nú segir:

Í fornöld bjó sín kerling á hvorum bænum, Laxnesi og Leirvogstungu; þær voru fornar í skapi og fjölkunnugar báðar. Ann hvorug þeirra annarri veiðinnar í Köldukvísl og seiddu laxinn hvor frá annarri. Á endanum heituðust þær út af veiðinni og varð Leirvogstungukerlingin þeim mun drjúgari að hún gat séð svo um að enginn lax gengi framar upp fyrir Leirvogstunguland í Köldukvísl. Þessi álög hennar haldast enn í dag svo að engin laxveiði er ofar í Köldukvísl en fyrir Leirvogstungulandi.

(Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar I. bindi bls. 461).

PORRABLÓTS-FRESTUR Í FROSTI.

Enginn fer í spariföt
frestast grimmur þorsti.
Hrútspungar og hangikjöt
hírast ár í frosti.

B.B.



LEIRSMÍÐAN ÁS VIÐ BRÚARLAND • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 667557 • HEIMA 666657

STÚLKAN Á ÁSUNUM

Frásögn eftir Pétur Guðmundsson frá Laxnesi.

Flestir Dalbúar muna eftir Pétri Guðmundssyni sem bjó lengi í Laxnesi og átti seinna ljósbláan Trabant. Pétur var fæddur árið 1906 og eftir að hann brá búi í Laxnesi bjó hann meðal annars í gamla markholtshúsinu og fékkst aðallega við smíðar. - Meðal annars mun hann hafa smíðað fyrstu brúna yfir Köldukvísl hjá Hrísbú.

Pétur var gæddur dulrænum hæfileikum og sagði frá lífsreynslu sinni í bók sem kom út árið 1976.

Tíu smásögur úr dulheimum heitir bókin og Pétur gaf hana út undir nafninu P. Björnsson G. frá Rifi.


Fyrir okkur Dalbúa er athyglisverðust sagan um stúlkuna á Ásunum sem er alþekkt saga í Mosfellsdal.

Pétur lést árið 1978 og hvilir í Mosfellskirkjugarði.

STÚLKAN Á ÁSUNUM

Eins og flestum er kunnugt, sem fara veginn frá Reykjavík austur á Þingvöll, fara þeir í gegnum Mosfellsdalinn, en áður en komið er í dalinn, þarf að fara yfir dálitið hæðardrag sem nefnist Ásar. Á hernámsárunum í síðustu heimsstyrjöld var stórt braggahverfi á Ásunum, þar á meðal stórt sjúkrahús með öllum nútíma útbúnaði, þegar sá atburður gerðist sem nú greinist frá. Löngu síðar voru öll hús horfin af Ásunum, ekkert sem minnti á þessar miklu byggingar, nema grunnarnir sem ennþá voru barna. Ég átti heima í dalnum í mörg ár og þurfti því oft að fara til Reykjavíkur, og var oft á ferðinni bæði seint og snemma í björtu og dimmu.

Einhverju sinni var ég að koma úr bænum. Það var orðið



dimmt af nóttu og þokusuddinn gerði allt umhverfið hálf ömurlegt. Ég beygði út af Vesturlandsveginum inn á Þingvallaveginn, en þegar ég var rétt kominn inn á veginn, sé ég í ljósgeislunum frá bílljósunum, hvar kona situr á steini við veginn. Ég stöðvaði bílinn á móts við hana, opnaði bílrúðuna og kallaði til hennar í glaðlegum spurnartón: „Hvað ert þú að gera hérna, væna míni?“ Hún leit ekki við mér, en sagðu með undursamlegri ró: „Ég er að bíða.“ Hún stóð upp hægt og rólega og gekk að bílnum, ég opnaði bílhurðina og bauð henni að setjast inn. Hún settist við hlið mér. Ég leit til hennar og sá að þetta var ung og falleg stúlka, klædd hjúkrunarkonubúningi. Á höfðinu var hún með hvítan kappa, og framan á honum var litill, rauður kross.

„Eftir hverju ert þú að bíða?“ spurði ég hana. Hún horfði fram fyrir bílinn og sagði með sömu rósemanni og áður: „Ég er að bíða eftir honum Díkk.“ „Hvert fór hann?“ spurði ég. „Hann fór upp í Hvalfjörð.“ Síðan bætti hún við með vonleysishreim í röddinni: „Ég skil ekki hvað getur tafioð hann, nema þeir hafi tekið hann og sent hann í burtu á einhverju skipinu, en ég er svo hrædd, þegar hann er ekki hjá mér, því ég óttast hann Jakk, mér finnst hann vera til alls vís.“

Mér fannst þessi frásögn hennar dálitið skrytin, og segi því við hana: „Hvaðan eruð þið?“

Hún svaraði með sömu rósemanni og áður: „Við erum öll þrjú frá sama bænum í Ameríku. Við erum öll á svipuðum aldri, en þó er Jakk elztur. Þegar stríðið brauzt út fórum við öll í stríðið, og vorum send hingað og lentum öll á þessum sama stað?“ Um leið og hún sagði þessum, benti hún með hendinni fram fyrir bílinn. Ég leit þangað og sá framundan mikla húsaþyrpingu, og voru húsin flest í braggastíl og allt uppljómað með svo sterkum ljósum, að það var sem um bjartan dag. Mikið af fólk og bílum var þar á sífeldri hreyfingu. Eg starði á þetta agndofa dálitla stund. Ég varð meira undrandi en hræddur. Stúlkan hélt áfram að tala og sagði: „Þeir eru báðir skotnir í mér og segjast elska mig, en ég elsk aðeins Díkk, en Jakk leggur fæð á hann.“

Meðan hún talaði starði ég alltaf á húsin, fólkid og bílana. Það virtist eitthvað mikið standa til, því það var svo mikil hreyfing á mönnum og bílum. Loks rauf ég þögninga og segi án þess að líta til hennar: „Er eitthvað um að vera þarna

núna.“ „Já,“ segir hún. „Ég fór í gönguferð upp í dal, en þegar ég var nærri komin alla leið til baka keyrði Jakk á mig, og ég veit að hann gerði það viljandi, nú eru þeir að fara að sækja mig.“

Ekki veit ég ennþá hvernig á því stóð, að mér fannst þetta allt saman eðlilegt, svo ég segi við hana: „Hvar varst, þegar hann keyrði á þig?“ „Farðu,“ segir hún, „áfram veginn og ég skal sýna þér það.“

Eg setti bílinn í gang, og ók honum áfram. Þegar ég nálgaðist byggingarnar sá ég fólkisíð enn skýrara og tók ég eftir því, að allir voru hermannaklæddir. Við fórum með mestu hægð í gegnum braggahverfið, en ekki vöktum við neina athygli hjá þessu fólk.

Þegar við vorum komin út fyrir hverfið leit ég spryrjandi til hennar, því mér var efst í huga að fá að vita, hvar ákeyrzlan hefði skeð, en hún svaraði án þess ég segði nokkuð: „Haltu áfram, ég skal sýna þér staðinn, þegar við komum þangað.“

Allt í einu greið hún eldsnöggt með annarri hendinni í stýrið og þverbeygði útaf veginum, svo billinn stakkst útaf, en um leið og hún greip í stýrið leið eins og sársaukastuna frá henni.

Ég gerði mér ekki grein fyrir neinu, en rauk útúr bílnum, hljóp afturfyrir hann, og þegar ég kom að hinni hurðinni þreif ég hana upp og rétti höndina inn í bílinn, því ég var ákveðinn í því, að farþeginn skyldi út hvað sem tautaði.

En - hönd mín greip í tómt. Það var enginn í sætinu. Ég skimaði um allan bílinn, en þar var engan að sjá. Þar sem ég stóð þarna og undraðist hvarf stúlkunnar, heyri ég sagt með veikri, biðjandi kvenröddu:

„Dikk, ó, Dikk minn, komdu.“ Mér heyrðist hljóðið koma eins og frá braggahverfinu, og leit því þangað. En þar voru engin hús né ljós að sjá. Það mótaði aðeins fyrir holtunum, dimmum og draugalegum í náttmyrkrinu og pokusuddanum.

Álnabúðin
Þverholti 5 — Sími 666388
Mosfellsbæ

FÉLAGSLÖG VÍGHÓLS

sem eru samtök íbúa í Mosfellsdal.

Lögin voru samþykkt á aðalfundi félagsins 14. nóv. 1987.

1. grein.

Félagið heitir Víghóll - samtök íbúa í Mosfellsdal.

2. grein.

Hlutverk félagsins er:

- a) að auka félagsleg samskipti Dalbúa svo og þeirra sem brottfluttir eru.
- b) að standa vörð um sameiginleg hagsmunamál Dalbúa.
- c) að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Mosfellsdal.
- d) að vinna að umhverfisfegrún í Dalnum.

3. grein.

Allir sem lögheimili eiga í Mosfellsdal verða sjálfkrafa félagar í Víghól. Aðrir sem óska eftir aðild þurfa að fá samþykki allra stjórnarmanna.

4. grein.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 7. nóvember ár hvert og til hans boðað með a. m. k. firm daga fyrirvara. Kosningarátt á aðalfundi hafa þeir félagsmenn sem náð hafa tólf ára aldri.

5. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir allir vera búsettir í Mosfellsdal. Stjórnarmenn skulu skipta með sér verkum.

6. grein.

Dagskrá aðalfundarins skal vera þannig:

- a) ársskýrsla fráfarandi stjórnar.
- b) reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- c) kosning stjórnar.
- d) kosning endurskoðanda.
- e) kosning í fastanefndir.
- f) lagabreytingar.
- g) önnur mál.

Föndurstofan

Þverholt 5

270 Mosfellsbæ

Sími (91) 66 73 43

HVAÐ HEITIR ÁIN?

Margir ráku upp stór augu í fyrra þegar þeir sáu að búið var að koma upp skilti niðri í Viðisodda og á skiltinu stóð: Norður-reykjaá! Þessi á gengur venjulega undir nafninu Suðurá hér í Dalnum. Það er ákveðinn Lyons-klúbbur sem kom skiltinu fyrir og margir héldu að nafnið væri úr lausu lofti gripið.

Svo er þó ekki. Því ef heimildir eru skoðaðar kemur á daginn að Dalbúar sjálfir hafa í fyri tíð kallað ána ýmsum nöfnum. Þar ber hæst nöfnin Norður-Reykjaá, Suðurá, Reykjakvísl og Reykjaá.

Hins vegar hefur nafnið Suðurá orðið ofan á í daglegu tali hér í Dalnum - og er sjálfsagt að hafa það nafn á skiltinu umrædda.

Haft hefur verið samband við Eyvind Jónsson (frá Stardal) hjá Vegagerð ríkisins og hefur hann tekið að sér að færa þetta til betri vega.

PÖKKUM VEITTAN STUDNING:

Bókabúðin ÁSFELL
Búnaðarbankinn í Mosfellsbæ
Verslunarbankinn í Mosfellsbæ
Águst Óskarsson, heildv. Þverholti



MOSFELLS APÓTEK
opíð 9-18.30 virka daga
9-12 laugardaga

STJÖRNULJÓS

Bjargartanga 2 – Mosfellsbæ

Sími: 667610



Mosfellsbakari
Urðarholti 2 – Sími 666145
Nafn nr. 6592-4552



KAUPFÉLAG KJALARNESPINGS

Sími 666 226 – Kaupfélagsstjóri 666 450

allt að hreinu
efnalaug - þvottahús
þverholti, Mosfellssveit - Sími 667510

SKRÚÐGARDUR Í MOSFELLSDAL

Fyrir vestan Furuvelli er afgirt spilda sem hefur tekið allmiklum stakkaskiptum á undanförmum tveimur árum. Þarna hafa verið gróðursettar fjölmargar trjáplöntur og síðasta sumar var hlaðinn hringur úr torfi undir stjórn Tryggva Hansen.

Upphafið að þessari gróska má rekja tvö ár aftur í tímann en þá gáfu hjónin í Melkoti riflega fjárupphæð til ræktunar á þessum reit. Var það gert til minningar um Guðmund Bjarnason frá Mosfelli. Undanfarin tvö sumur hafa Dalbúar fjölmennt á svæðið á nokkurs konar gróðursetningardegi. Rétt er að vekja athygli þeirra sem þessar línum lesa að síðastliðið sumar afsöluðu leiguþafar spildunnar yfirráðaréttinum í hendur íbúasamtakanna Vighól sem hyggst efna til skrúðgarðs á landspildunni almenningi til nytja.

Aðalfundur Vighóls sem haldinn var síðastliðið haust kaus síðan sérstaka nefnd til að móta stefnuna í þessum gróðurreitsmálum og skipuleggja vinnuna sem hlýtur fyrst og fremst að verða sjálfboðaliðsvinna okkar sjálfra.

Í nefndinni eru:

Gísli Jóhannsson Dalsgarði.

Guðný Halldórsdóttir Melkoti.

Björn Sigurbjörnsson Hreggsstöðum.

Fróði Jóhannsson Dalsgarði.

Dalbúar: ... Sameinumst um að gera þennan reit að fallegum skrúðgarði - þeim fyrsta og eina sinnar tegundar í öllu bæjarféluginu!